



HRUNAMANNAHREPPUR

31. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 12. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 30. SEPTEMBER 2020

KL. 8.30 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 30. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 8:30 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.

Lagðar voru fram til kynningar upplýsingar um staðgreiðslu fyrstu 8 mánuði ársins, atvinnuleysistölur, niðurstöður starfshóps ríkisins og sveitarfélaganna um fjármál sveitarfélaga og ábendingar varðandi gagnaöflun og stöðuskýrsla frá Félagsmálaráðuneytinu um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19. Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja til áramóta úrræði þeirra fyrirtækja og íbúa sem óska eftir frestun á gjalddögum fasteigna- og fasteignatengdra gjalda og hitaveitugjöldum sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19.

2. Kjarasamningar: Stytting vinnuvikunnar.

Oddviti kynnti fyrirhugaða styttingu vinnutíma hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki samkvæmt kjarasamningum. Sveitarstjórn samþykkir að útfærsla Hrunamannahrepps felist í að vinnutími dagvinnufólks styttist um 13 mín. á dag. Þá samþykkir sveitarstjórn að stofna vinnutímanefnd sem vinni að innleiðingu í samræmi við kjarasamninga um styttingu vinnutíma sem í sitji sveitarstjóri, launafulltrúi, forstöðumenn stofnana og fulltrúar starfsfólks á hverjum vinnustað.

3. Ársþing SASS: Kjörbréf.

Ársþing SASS, HES og SOS verður haldinn á Hellu 29. og 30. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason en til vara Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir. Sveitarstjórn samþykkir að varamenn geti mætt sem áheyrnarfulltrúar á þingið.

4. SASS: Tilnefning fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Oddviti kynnti beiðni frá SASS um tilnefningu á fulltrúa í stafrænan faghóp SASS. Sveitarstjórn skipar Halldóru Hjörleifsdóttur í fagraðið og til vara Jón G. Valgeirsson.

5. MAST: Vegna línubrjóta í réttum.

Oddviti kynnti erindi frá MAST vegna línubrjóta í réttum. Sveitarstjórn vísar málinu til landbúnaðarnefndar.

6. Refaveiði 2020.

Oddviti kynnti skýrslu ráðinna refaveiðimanna um refaveiði fyrir síðasta ár. Sveitarstjórn þakkar veiðimönnum fyrir góða veiði og vinnu.

7. Birkibýggð: Hugmynd að göngustíg.

Oddviti kynnti erindi sem borist hefur frá sumarhúsaeigendum við Birkibýggð um hugmynd að göngustíg frá sumarhúsabyggðinni að Selsvegi. Fyrir liggur samþykki landeiganda að hugmyndinni. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndina en gera þarf viðeigandi deiliskipulagsbreytingar á svæðinu ef hún á fram að ganga.

8. Aflið: Styrkbeiðni.

Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna reksturs Aflsins fyrir árið 2021. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. **Gott bú ehf: Beiðni um áframhaldandi samstarfssamning um almenningssalerni.**
Oddviti kynnti beiðni um áframhaldandi samstarfssamning um almenningssalerni á Grund frá Góðu búi ehf í eitt ár í viðbót. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um eitt ár.
10. **Veitustjórn: Breytingar á nefndarskipan.**
Oddviti kynnti erindi frá H-listanum um breytingar á nefndarskipan í veitustjórn þannig að Sigurður Sigurjónsson verði aðalmaður í veitustjórn en Bogi Pétur Eiríksson verði varamaður. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna.
11. **Samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýlinu á Flúðum: Breytingar, fyrri umræða.**
Oddviti kynnti tillögur um breytingar á samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýlinu á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að gera greiningu á áhrifum breytinganna.
12. **Kompás: Beiðni um þátttöku.**
Oddviti kynnti beiðni um þátttöku í uppbyggingu í KOMPÁS þekkingarsamfélagi. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að skoða málið og ræða við önnur sveitarfélög.
13. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2020-2021: Tilnefningar.**
Sveitarstjórn frestar málinu til næsta fundar.
14. **Veiðifélag Árnesinga: Aðalfundarboð.**
Oddviti kynnti aðalfundarboð frá Veiðifélagi Árnesinga en aðalfundur verður haldinn þann 8. október n.k.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Vinnuhópur um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 5. fundar frá 26. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar vinnuhópsins. Farið var yfir undirbúning vegna fjarfundar við sérfræðinga heilbrigðisráðuneytis. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
16. **Vinnuhópur um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 6. fundar frá 2. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar vinnuhópsins. Efni fundarins var fjarfundur með sérfræðingum heilbrigðisráðuneytisins um ýmsar spurningar varðandi rekstur, rekstrarform og uppbyggingu hjúkrunarheimila. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
17. **Vinnuhópur um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 7. fundar frá 7. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar vinnuhópsins. Þar var fjallað um drög að bréfi sem senda á til sveitastjórna uppsveitanna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
18. **Öldungaráð: Fundargerð 19. fundar frá 21. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar ráðsins. Þar var fjallað um stöðu á erindi til skólaþjónustu- og velferðarnefndar um aðstoð við garðahirðingu og rætt um sameiginlegan fund með stjórn Félags eldri Hrunamanna. Þá var sagt frá ráðstefnu um einmanaleika og félagslega einangrun eldra fólks, fyrirspurn um gjaldtöku í sorphirðu og fundi með sveitarstjóra. Sveitarstjóra falið að ýta á eftir erindi til skólaþjónustu- og velferðarnefndar en fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti.
19. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 8. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar nefndarinnar. Þar var rætt um starfsmannabreytingar vegna félagsmiðstöðvarinnar Zero, hugmyndir að flutningi á verkgreinastofum í Flúðaskóla, skipun í ungmennaráð 2020-2021 og punktar fyrir fjárhagsáætlunargerð. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
20. **Veitustjórn: Fundargerð 22. fundar frá 28. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar frá 28. september s.l. Þar var fjallað um valmöguleika á virkjun á borholu 09 á Flúðum, 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða, stöðuyfirlit í vatns- og fráveitu og 8 mánaða uppgjör Hrunaljóss. Þá var fjallað um fundargerð vegna skoðunar á sameiginlegri vatnsveitu í Uppsveitum og dómsátt í máli Loco ehf gegn Hrunamannahreppi vegna Hitaveitu Flúða. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

21. Fundargerð 201. fundar skipulagsnefndar frá 9. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 201. fundar skipulagsnefndar frá 9. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 22. Unnarholtskot 1C: Byggingarleyfi.

Lögð er fram umsókn Helga Kjartanssonar fyrir hönd Hafsteins Jónssonar og Guðrúnar Böðvarsdóttur, móttækin 28.09.2020 um byggingarleyfi til að byggja gestahús 36,1 m² á íbúðarhúsalóðinni Unnarholtskot 1C (L226793) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september s.l.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. september s.l.

22. Fundargerð 202. fundar skipulagsnefndar frá 23. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 202. fundar skipulagsnefndar frá 23. september og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13. Syðra-Langholt 6: Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn Sigurjóns Kristinssonar og Önnu Láru Jóhannesdóttir dags. 10.09.20 varðandi nýtt deiliskipulag í landi Syðra-Langholts 6. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan lóðar þar sem m.a. er gert ráð fyrir sambyggðri reiðskemmu og hesthúsi, heimild fyrir bílskúr við núverandi íbúðarhús auk heimilda fyrir allt að 5 litlum gistihýsum auk þjónustuhúss og skemmu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september s.l.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september s.l.

23. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 44. fundar frá 31. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 44. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og lögð fram áætlun um fundi nefndarinnar næstu mánuði. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 45. fundar frá 16. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 45. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands vegna Sigurhæða, erindi frá Félagsmálaráðuneytinu vegna íþrótt- og tómskundastyrkja til lágtekjuheimila, umræða um árskýrslu 2019 og fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2021. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu að gjaldskrárbreytingum, vísar erindi Soroptimistaklúbbsins til NOS til rýningar en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

25. NOS: Fundagerð stjórnar frá 23. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir starfsemi þjónustunnar, fjallað um erindi frá Soroptimistaklúbbi Suðurlands vegna Sigurhæða, erindi frá Félagsmálaráðuneytinu vegna íþrótt- og tómstundastyrkja til lágtekjuheimila og athugasemdir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna samþykkt. Þá var rætt um fjárhagsáætlun 2021, tillögu um hækkun gjaldskrár, erindi frá forstöðumanni vegna launa, samningsdrög við Rannsóknir og Greiningu, ákvörðun um aðalfund og að fá ráðgjafa til að taka út starfsseminua. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlestra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundagerð 295. fundar stjórnar frá 31. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundagerð 296. fundar stjórnar frá 22. september s.l.**
Lögð fram fundagerð SOS frá 22. september s.l. en þar var óskað eftir því að drög að aðgerðaráætlun SOS vegna Suðurlandskafla endurskoðunar á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturhorninu fari til umfjöllunar í aðildarsveitarfélögunum. Sveitarstjórn vísar málinu til umhverfisnefndar til umfjöllunar.
- c. Byggðarsafn Árnesinga: Fundagerð 16. fundar stjórnar frá 9. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Byggðasafn Árnesinga: Fundagerð 8. fundar byggingarnefndar Búðarstígs 22 frá 9. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Tónlistarskóli Árnesinga. Fundagerð 196. fundur stjórnar frá 17. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Bergisinn bs: Fundagerð 20. fundar stjórnar frá 14. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Svæðisskipulag Suðurrhálendis. Fundagerð vinnuhóps frá 1. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. BÁ: Fundagerð 9. fundar stjórnar frá 18. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- i. UMFH: Fundagerð aðalfundar UMFH frá 10. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundagerð 886. fundar stjórnar frá 28. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. IOGT á Íslandi: Áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Samtök orkusveitarfélaga: Fundagerð 42. fundar stjórnar frá 4. september sl.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Bláskógabyggð: Bókun vegna húsnæðis UTU.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- o. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 1.-2. október n.k. með breyttu sniði.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:10.